

Upptæk til ríkissjóðs skulu 56,6 grömm af hassi, en þar af eru nú 28,8 grömm efnisins í vörslum dómsins merkt efnaskrá 1566.

Hvor ákærðu fyrir sig greiði kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Sigurðar Georgssonar hrl.

Ákærði Victor greiði auk þess kr. 7.000,00 vegna réttargæslu Friðjóns A. Friðjónssonar hdl. og ákærði Harry kr. 6.924,00 vegna réttargæslu Sigurðar Georgssonar hrl.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 311/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Með kæru 4. þ.m. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dagsettum þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um framhaldsrannsókn hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að verða við kröfu um frekari rannsókn samkvæmt bréfi verjanda síns 15. október sl.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 9. tl. 172. gr. sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur ákærði óskað þess að gefa frekari skýringar við skýrslu sína í málinu með tilliti til nýs gagns sem hann kveður nú hafa fundist. Með vísan til 1. mgr.

124. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að verða við þessari ósk ákærða. Ber það síðan undir mat héraðsdómara hvort frekari rannsóknar er þörf. Er framangreind krafa um framhaldsrannsókn ekki tekin til greina að öðru leyti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómara ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. nóvember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur, með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanní Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942.00 sem greiðast skyldi þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.058.00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116.00 og svara til 75.4% ársvaxta í stað 18.5% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánnum, og því kr. 221.984.00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanní Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403.00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skulda-bréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán ákærða, veitt eftir 11. ágúst 1984.

Málið var þingfest 6. maí 1986 og var ákærða þá birt ákæran og honum skipaður verjandi.

Næst var málið tekið fyrir 8. júlí 1987. Kom ákærði þá fyrir dóm og skýrði m.a. svo frá, að hann hefði hinn 2. maí 1984 afhent Hermanní Gunnari Björgvinssyni kr. 2.006.942 til ávöxtunar, en það hefði verið af-rakstur af viðskiptum ákærða við Hermann Gunnar allt frá árinu 1981, m.a. með verðbréf. Kvaðst ákærði þá jafnframt hafa tekið við tékka úr hendi Hermanns Gunnars, dagsettum 2. júlí 1984, að fjárhæð kr. 2.301.058,00, sem hafi verið höfuðstóllinn að viðbætttri ávöxtun í 2 mánuði. Er kom að gjalddaga, kvað ákærði, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram, og ákærði þá afhent Hermanní Gunnari tékkann og tekið við nýjum úr hendi hans, að fjárhæð kr. 2.638.854,00, dagsettum 2. september 1984, sem hafi verið upphaflegur höfuðstóll, að viðbætttri ávöxtun frá 2. maí 1984 til 2. september s.á. Kvað ákærði, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram fram á síðari hluta ársins 1985, og er til aðgerða yfirvalda gagnvart Hermanní Gunnari kom, hefði heildarfjárhæð höfuðstóls og ávöxtunar verið kr. 6.883.813,00.

Þá staðfesti ákærði framburðarskýrslur sínar um málið hjá Rannsóknar-lögreglu ríkisins í réttarhaldi þessu. Kvaðst ákærði gera þá athugasemd við framburð Hermanns Gunnars, að hinn síðarnefndi tali alltaf um lán í sínum framburði, þar sem ákærði kvað að standa ætti ávöxtun.

Næst var þingað í málinu 31. júlí sl., og kom þá fyrir dóminn sem vitni ofangreindur Hermann Gunnar Björgvinsson. Vitnið kvað viðskipti þess og ákærða hafa í upphafi verið með eðlilegum hætti, en síðar hafi þau þróast þannig, að ákærði fór að lána vitninu peninga gegn vöxtum, að ósk vitnisins. Vitnið kannaðist við að hafa átt viðskipti við ákærða á árinu 1984 með því að taka við tékka hinn 2. maí það ár, að fjárhæð kr. 2.006.942,00, úr hendi ákærða og láta ákærða hafa annan tékka, að fjárhæð kr. 2.301.058,00, dagsettan tveimur mánuðum síðar. Taldi vitnið, að viðskiptum þessum hefði verið haldið áfram frá 2. júlí til 2. september sama

ár. Vitnið kvað ekki hafa verið neinn vafa í huga þess, að umrædd viðskipti milli þess og ákærða hefðu verið persónulegs eðlis á árunum 1984 og 1985, þannig að ákærði hefði lánað vitninu fé.

Hinn 10. september sl. krafðist verjandi ákærða frávísunar málsins á þeirri forsendu, að rannsókn málsins væri ófullkomin í verulegum atriðum. Með úrskurði 18. sama mánaðar var kröfu verjandans hafnað. Var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi 2. október sl.

Í þinghaldi 15. október sl. krafðist verjandinn frekari rannsóknar málsins svo sem hér verður rakið:

„1. Að ákærði komi fyrir dóminn og fái tækifæri til þess að skýra nánar þau atriði er fram koma í minnisbók um fjölda ávísana frá Hermanní Björgvinssyni og fjárhæð þeirra jafnframt því að leiðrétta framburð sinn til samræmis við þessi minnisatriði, er ekki voru ljós fyrir en að áðurnefnd minnisbók fannst fyrir tilviljun.

2. Að staðreyndir þær sem fram koma í áðurnefndri minnisbók verði bornar undir Hermann Björgvinsson, jafnframt því sem varnaraðila verði gert kleift að varpa spurningum til Hermanns Björgvinssonar um ýmis atriði er fram koma í skjölum þeim er fylgja frávísunarkröfu um málið.

3. Að ákæruvaldinu verði gert að leggja fram nýjan útreikning vegna „vaxta“, en eftir dóm Hæstaréttar frá 19.12. 1986 er fyrri útreikningur, er fylgdi ákæru, einskis virði sem sönnunargagn í opinberu máli.

4. Enn er ítrekuð sú krafa að málið verði sent Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar að nýju þar sem veigamikil atriði í framburði ákærða eru órannsökuð og ljóst liggur fyrir, að grundvöllur ákæru er reistur á einhliða, ótraustum upplýsingum Hermanns Björgvinssonar sem sannanlega standast ekki. Bent er á nýlegan sýknudóm sakadóms Reykjavíkur í hliðstæðu máli.”

Um 1-2.

Verjandi ákærða hefur við meðferð málsins lagt fram ljósrit úr „minnisbók ákærða“, sem hann kveður hafa fundist „fyrir tilviljun“. Eigi verður séð, að rannsókn á þeim „minnisatriðum“ ákærða, sem í bók þessari koma fram, geti varpað frekara ljósi á mál þetta en orðið er.

Um 3.

Um útreikning á ætlaðri ólöglegri vaxtatöku ákærða í ákæru ber að taka afstöðu til í væntanlegum dómi.

Um 4.

Málið er nú til dómsmeðferðar og hefur Hæstiréttur þegar staðfest úrskurð dómsins um að málinu verði eigi vísað frá dóminum af ástæðum

þeim, sem verjandinn hefur fært fram. Þá er þess að geta, að framburðum ákærða og Hermanns Björgvinssonar ber í meginatriðum saman um viðskipti þeirra í milli, að öðru leyti en því, að ákærði kveðst hafa afhent féð til ávöxtunar, en Hermann Gunnar kveður, að ákærði hafi lánað sér féð gegn vöxtum.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna ofangreindri kröfu verjanda ákærða um frekari rannsókn málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Óla Guðmundssonar hdl., um framhaldsrannsókn málsins í bréfi, dagsettu 15. október 1987, er hafnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 315/1987. **S.H. Bílaleigan**

gegn

Má Péturssyni

skiptaráðanda á Seltjarnarnesi

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi bæjarfógetans á Seltjarnarnesi fjallaði sem skiptaráðandi um þrotabú Stefáns Finnbogasonar og synjaði um úrskurð eins og síðar getur, en það er sú ákvörðun, sem kærð er eftir 21. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Hinn 16. október sl. kærði sóknaraðili synjun skiptaráðandans á Seltjarnarnesi um uppkvaðningu úrskurðar, en sú synjun kom fram í bréfi til sóknaraðila 30. september, sem barst viðtakanda 5.